

1864. og þaræð aðeins er búið að borga af þessu fé 295 rd, 66 sk.,  
26. maí. ber að gjöra skil fyrir því, sem eptir er, svo fljótt, sem unnt er.

4. júní. **43. Opið bréf, um breyting á tilskipun 18. febrúar-  
mánaðar 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.**

(Árið 1861 var borið undir álit alþingis frumvarp til opins bréfs um breytingu á tilskipun 18. febrúarm. 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi<sup>1)</sup>. Þetta frumvarp laut að því, að þegar fé ómyndugra og opinberra stofnana, er nemur frá 25 rd. til 100 rd., hefir ekki orðið komið á leigu hjá einstökum mönnum fyrir rentu þá, sem ákveðin er í greindri tilskipun, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum, þá skuli leyft að slíkt fé sé ávaxtað á þann hátt, að annaðhvort séu fyrir það keypt arðberandi ríkisskuldabréf, eða að það sé lánað einstökum mönnum mót lögmætu veði, fyrir leigu, er sé að minnsta kosti 3 af hundraði. Þingið stakk nú uppá verulegri breyting við frumvarpið, ræði það frá að kaupa ríkisskuldabréf fyrir fé ómyndugra og opinberra stofnana, en lagði það til, að fjárhaldsmönnum yrði leyft, þegar svo er ástatt, sem ráð er fyrir gjört í frumvarpinu, að lána fé ómyndugra, er eigi nemur 100 rd., móti nægu veði í fasteign eður lausu fé og þeirri leigu, er þeir á löglegan hátt hæsta geta fengið; þar að auki stakk þingið upp á, að hafa skyldi í sérstakri grein áþekka ákvörðun um fé opinberra stofnana. En með því ísjárvert þótti að fallast á þessar uppástungur alþingis, var í dómsmálastjórninnl samið nýtt frumvarp og lagt fyrir alþingi árið 1863<sup>2)</sup> eptir allrahæstu bodi konungs, en það frumvarp er þannig hljóðandi: „Þegar fé ómyndugra hefir ekki orðið komið á leigu hjá einstökum mönnum fyrir þá leigu og móti því veði, sem ákveðið er í tilskipun 18. febrúarm. 1847, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum, þá skal mega ávaxta það á þann hátt, að annaðhvort séu fyrir það keypt arðberandi ríkisskuldabréf, eða að það sé lánað einstökum mönnum mót lögmætu veði, fyrir leigu, er sé að minnsta kosti 3 af hundraði”

Í ástæðunum fyrir þessu síðastnefnda frumvarpi er talið óráðlegt að fallast á uppástungu alþingis um, að lána megi opinbert fé mót veði í lausafé, og er einkum tekið fram því til styrkingar: að lausafé ekki

1) Sjá alþ. tíð. 1861, 500—503 og viðb. A. 140—141.

2) Sjá alþ. tíð. 1863. I, 57—61, og 475—481.

geti álitizt að veita nægilega trygging fyrir láninu, og er þess getið, að tilsk. 28. júlím. 1841 ekki gildi á Íslandi; að fè sé aðeins örsjaldan lánað út á Íslandi mót vèði í lausum aurum, og komi það fyrir, þá aðeins litilræði eitt; að það sé eigi hagfellt að gefa það á vald fjárhaldsmanni og yfirfjárráðanda, eins og alþingi stakk uppá, að lána fè ómyndugra móti vèði, hvort sem þeir vilji í fasteign eður lausum aurum, er svo kynni fara, að hlutadeigandi tæki þann kostinn, sem honum sjálfum væri hagkvæmastur, ef hann hefði enga ábyrgð af, þó hann væri ekki eins oyggjandi fyrir hinn ómynduga; að þarsem alþingi hafi bent á, að taka mætti hærri leigu en 4 af hundradi ef fèð væri lánað mót vèði í lausafè, þá sé þetta reyndar ekki lengur sáknæmt að lögum, en það virðist þó ekki eiga vel við að hvetja til þess við lán á opinberu fè, og á hinn bóginn gæti það leitt til misbrúkunar, ef fjárhaldsmönnum væri leyft, eins og alþingi hefir stungið uppá, að lána fèð fyrir hvað litla leigu sem væri. Nú var enn fremur orðið öðruvisi ástatt með það, hvernig komið verður á leigu opinberu fè, en þegar málefni þetta var lagt fyrir alþingi árið 1861, með því fè, sem meiru nemur en 100 rd., og sem áður varð komið á leigu í ríkissjóðnum, nú ekki verður ávaxtað á þenna hátt, eptir þeim ákvörðunum, sem síðan hafa settar verið um hinar lausu ríkisskuldur, en á hinn bóginn hafði það opt borið við, að slíku fè hefir ekki orðið komið fyrir til leigu fyrir 3½ af hundradi mót vèði í fasteign. Þess vegna virtist vera ástæða til að láta lagaboðið verða yfirgripsmeira en fyr var til ætlaðt, þannig að koma megi fyrir á leigu á þann hátt, er segir í hinu fyrra frumvarpi stjórnárinna, öllu fè ómyndugra, án þess haft sé tillit til upphæðarinnar. En hvað þar á móti snertir fè opinberra stofnana, þá hafði stjórnarráðið þegar veitt leyfi til, að það fyrst um sinn sé ávaxtað á þann hátt, að fyrir það séu keypt arðberandi óuppsegjanleg ríkisskuldabréf, þegar því ekki verður komið fyrir til leigu hjá einstökum mönnum móti lögmatu vèði, og þótti því ekki nauðsyn til bera að hafa í frumvarpinu ákvörðun um, hvernig ávaxta skuli slíkt fè.

Eptir að hið síðarnefnda frumvarpið hafði verið rætt á alþingi á lögboðinn hátt, samdi þingið um það þegnlegt álitsskjal og fór í því fram á, að frumvarpinu yrði þannig breytt, að lagaboðið yrði svohljóðandi: „1. grein: Þegar fè ómyndugra hefir ekki orðið komið á leigu móti því vèði, og samkvæmt öðrum þeim skilyrðum, sem akvedin eru í tilskipun 18. febrúarm. 1847, þá skal mega ávaxta það á þann hátt, að það sé lánað móti lögmatu vèði fyrir leigu, er sé að minnsta kosti 3 af hundradi. 2. grein: Þegar fè ómyndugra hefir ekki orðið komið á vöxtu með þeim hætti, sem segir í 1. grein, þá skal fjárhaldsmönnum

1864.  
4. júní.

1864.

4. júní.

Þeirra leyft að lána fêð út með samþykki yfirfjárráðanda móti nægu vèði í lausafè og þeirri leigu, er þeir hæsta geta fengið, þó þannig, að engum einum sè lánað meira fè á þenna hátt en 100 rd."

Þessum úppástungum sínum til styrkingar tók þingið einkum fram, að eptir þeirri skodun, sem allur þorri þingmanna, sem þó þekki nákvæmlega til hvervetna út um landið, hafi látið í ljósi, mundi ákvörðun sú, er það hefir stungið uppá um útlán á fè ómyndugra, eigi verða þýðingarlitil, og megi álíta, að þó tilsk. 28. júlím. 1841 ekki sè lögleidd á Íslandi, þá veiti lausafjárved næga trygging fyrir fè, er ekki nemi mikilli upphæð, þegar varúð og samvizkusemi sè viðhört og fjárhaldsmenn og yfirfjárráðendur vandlega gefi gætur að hinu lögskipaða formi, en ella mundi á þeim hvíla ábyrgðin á láninu. Ekki álitur þingið það heldur eiga illa við, að hærri vextir en 4 af hundradi sè áskilið af fè ómyndugra, sem lánað er móti vèði í lausafè, þarsem óhætt megi fullyrða, að þau lög, er slikt leyfa, ekki komi í neinn bága við réttar meðvitund manna á Íslandi, enda virðist þau og í sjálfu sèr miklu edlilegri en hin, sem leggi bönd á frjálsa samninga manna á milli. Loksins hefir og þingið tekið fram, að þeir, sem ekki eru jarðeigandi, en annars geti verið svo efnadir að þeir eigi nægilegt lausafè til fullrar veðábyrgðar fyrir litlu láni, þurfi einna helst á fèláni að halda til að kaupa fyrir skepnur og auka þannig bústofn sinn m. m., svo að þessi meðferð á fè ómyndugra mundi, samkvæmt tilgangi löggjafans með ákvörðunina í tilsk. 18 febrúarm. 1847, 7. gr. stafl. C., verða til að bæta úr hinni almennu peningækklu á Íslandi, er svo lengi sè búin að standa landinu fyrir blómgun og edlilegum framförum.

Þingið áleit því, að hagfelldast væri að ráða úr vandkvæðum þeim, sem eru á að koma fyrir fè ómyndugra, á þann hátt, sem það hefir stungið upp á, en þar á móti áleit það óráðlegt að fallast á þá aðferðina, sem í þessu efni ætti við að hafa eptir frumvarpi stjórnarinnar, að kaupa fyrir fè þetta óuppsegjanleg ríkisskuldabréf, og hefir þingið einkum tekið fram í þessu efni, að menn á Íslandi þekki litil til óuppsegjanlegra ríkisskuldabréfa og að það víðsvegar um landið yrði ókljúfandi erfðleikum bundið að ná leigunni af þeim, og eins yrði bæði kostnaður, umsvif og torveldni á því að fá ógildingardóm á þeim, ef þau glötudust, svo mundi og verðlag á þeim á Íslandi verða bæði lágt og hvikult. Eins og þingið því hélt, að það mundi valda ónægju á Íslandi, ef farið væri með ómyndugra fè á þenna hátt, þannig taldi það og vafalaust, að þó lög kæmu út, er heimiluðu slikt, mundu fjárhaldsmenn og yfirfjárráðendur kynoka sèr við, að verja fè ómyndugra í þann gjaldeyri, er þeir hæglega gætu átt von á, að hinn ómyndugi ekki vildi

1864.

4. juni.

taka á móti, þegar hann tæki sjálfur við fjárför ráðum, og það því síður sem ríkisskuldabréf, eptir því, sem þingið að orði kemst, ekki eru neinn lögeyrir á Íslandi. Af þessum ástæðum áleit þingið, að ótíltækilegt væri að gjöra það að lögum að verja fé ómyndugra í ríkisskuldabréf, þó eigi næmi meiru en 100 rd., en því ótíltækilegra virtist því samt sem áður vera, að láta slíkt fyrirkomulag ná til ómyndugra fjár yfirhöfuð; því auk alls þess, sem mælir móti tæðum ríkisskuldabréfum, þá mundu þau hin stærri hafa þau vandkvæði í for með sér, að menn sökum peningaekklunnar á Íslandi ekki mundu geta orðið af með þau nema með skaða og afföllum. Þingið áleit eigi heldur eins hægt að fá keypt ríkisskuldabréf, eins og ráð er fyrir gjört í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, þarsem menn yrðu að láta hina íslensku kaupmenn útvega sér þau, en hagar þeirra sé eigi ávallt á svo föstum fæti, að þeim án veds sé trúandi ef til vill um lengri tíma fyrir peningum ómyndugra, þangaðtil þeir væru búnir að kaupa ríkisskuldabréfin fyrir þá, og ættu þeir sjálfir að leggja peninga út fyrirfram fyrir ríkisskuldabréfin, þá megi á hinn bóginn gjöra ráð fyrir, að þeir vildu hafa hæfilega vexti af fé sínu. Þó nú svo sé til ætlat í frumvarpi stjórnarinnar, að ekki skuli verja fé ómyndugra til að kaupa fyrir það ríkisskuldabréf fyrri en búid sé að bjóða það fram á leigu eptir fyrir mælum laganna, þá hélt þingið, að sú mundi verða niðurstaðan, að til þess yrði varið öllum þorra af minni upphæðum ómyndugra faris, því varla mundi neinn jarðeigandi vilja vinna til þess, að vedsetja jörð sína, þegar aðeins væri að ræða um upphæð, sem væri 100 rd. eður minna. Lokins áleit þingið, að það fyrirkomulag, sem hér er um rætt, hlyti að hafa skadleg áhrif á verzlunarástand Íslands, einkum við útlendar þjóðir, sem ef til vill eigi mundu ætíð taka dönsk ríkisskuldabréf fyrir fullan kaupyri, og svo yrði það einnig að skerða grundvallarregluna í tilsk. 18. febrúar 1817, 7. gr. stafl. C., þarsem því er lýst yfir, að ómyndugra fé skuli umfram allt gjöra ávaxtarsamt í landinu sjálfu, en það megi segja, að þetta hafi gjört verið meðan fénu var komið á vöxtu í jarðabókarsjóðinn, því það hafi orðið dregið út úr sjóðnum með stuttum fyrirvara og megi þessvegna álíta að það hafi verið í veltu í landinu.

Jafnhliða leyfinu til að kaupa ríkisskuldabréf fyrir fé ómyndugra var í frumvarpi stjórnarinnar ákvörðun um, að ávaxta mætti þetta fé, þegar eins stæði á, með því að lána það móti lögmætu veldi, en minni leigu en þeirri, sem ákvedin er í tilsk. 18. febr. 1817, en þó svo, að leigan að minnsta kosti væri 3 af hundraði; hélt þingið, að þetta úrræðið optast nær mundi hlita, einkum ef féð, sem á bódstólum væri, næmi svo talsverðri upphæð, að menn vildu vinna til að festa jarðir sínar

1864.

4. júní.

fyrir hana, en yrði fèð í einstöku tilfelli samt sem áður eigi leigt út á þenna hátt, þá væri hagfelldasta úrræðið að lána það móti vèði í lausum aorum, og væri þá fárhaldsmönnum innanhandar að skipta fènu, ef það næmi 100 rd. eður meiru, í smærri skamta eptir því, sem í hvert skipti þætti bezt henta.

Enn fremur þótti þinginu betur við eiga, að hið islenzka orð „lagabod“ væri við haft í fyrirsögninni í stadinn fyrir „opið bréf“.

Í skýrslu þeirri, er dómsmálastjórnin lagði fyrir konung um málefni þetta segir, að þaræð alþingi svo fastlega og í einu hljóði hafi verið á móti því, að leyst sè að fè ómyndugra sè varið til að kaupa fyrir það rikisskuldabréf, þá virtist stjórnarráðinu varla vera næg ástæða til að halda fram ákvörðuninni um þetta í frumvarpinu, og þaræð álita megi að menn sèu henni mjög mótfallnir, mundi hún og verða allþýðingarlitil; eins verði því eigi heldur neitað, að eptir því, sem ástatt er, gæti það stundum verið ördugt fyrir fjárhaldsmennina og samfara nokkurri ábyrgð fyrir þá, að útvega skuldabréfin. Á hinn bóginn mátti sjá fyrir, að þarsem ekki er leyst, svo sem áður var, að koma fè ómyndugra á vöxtu í rikissjóðinn, þá muni menn stundum komast í vandræði með að ávaxta slíkt fè, einkum þegar það aðeins nemur litilli upphæð, með því ekki eru til á Íslandi sparissjóðir eður adrar áþekkar stofnanir; þessvegna virtist eigi ástæða til að hafna ítrekaðri uppástungu alþingis, er það hefir samþykkt í einu hljóði, um að leyst verði að fè ómyndugra í vissum tilfellum verði lánað móti vèði í lausum aorum, eptir að þingid nú hafði takmarkað uppástungu þessa á þann hátt, að slíkt lán aðeins gæti átt sér stad þegar fènu, eptir að búid er árangurslaust að hafa það á bodstólum fyrir þá leigu og móti því vèði, sem ákveðið er í tilsk. 18. febrúarm. 1847, eigi heldur hefir orðið komið á leigu mót vèði í jörð og fyrir hina lækkudu leigu, 3 af hundradi, og þegar enn fremur er bætt hér við þeirri ákvörðun, sem þingid hafði stungið uppá, að engum einum sè lánað meira fè á þenna hátt en 100 rd.

Þar á móti virtist dómsmálastjórninni ekki vera nein ástæða til að breyta fyrirsögn lagabodsins eptir uppástungu alþingis.

Eptir að frumvarp hafði verið samið samkvæmt þeim æthugasemdum, sem nú hafa gjörðar verið, og samhljóða uppástungum alþingis, að nokkrum orðabreytingum undan skildum, og það hafði náð allra-hæstri stadfesting konungs 4. dag júnímán. 1864, kom út lagabod það, sem hér stendur):

Vèr Kristján hinn Níundi, og s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vørs trúá

1864.

4. júní.

alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um breyting á tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, þjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

## 1. gr.

Þegar fè ómyndugra, jafnvel þó það hafi verið haft á boðstólum á löglegan hátt, hefir ekki orðið komið á vöxtu fyrir þá leigu, sem ákveðin er í tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847, þá skal mega ávaxta það á þann hátt, að það sé lánað móti veði, samkvæmt ádurgreindri tilskipun, fyrir leigu, er sé að minnsta kosti 3 af hundraði á ári.

## 2. gr.

Nú hefir fè ómyndugra eigi orðið komið á vöxtu með þeim hætti, sem segir í 1. gr., og skal þá fjárhaldsmanni leyft að lána fèð út með samþykki yfirfjárráðanda móti nægu veði í lausafè og þeirri leigu, er fengizt getur; þó má eigi lána einum manni meira fè á þenna hátt en 100 rdl.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sér þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 4. dag júnímánaðar 1864.

#### 44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til reikningastjórnardeildar konungsríkisins, um borgun til forseta á alþingi fyrir störf hans eptir þinglok.

13. júní.

Í bréfi 22. maím. 1862 var reikningastjórnardeildinni skýrt frá, að dómsmálastjórnin 11. dag aprílm. þar á undan hafi skorað á stiptamtmanninn yfir Íslandi — áður en skorðið væri úr spurning þeirri, er reikningastjórnardeildin hafði hreyft, viðvíkjandi fæðispeningum þeim, er forseti á alþingi 1859 reiknadi sér fyrir störf sín í þarfir alþingis eptir þinglok það ár, — að skýra sér frá, hvernig að hefði verið farið í þessu efni eptir að þingi var slitið árið 1861.

Stjórnarráðið fékk síðan þær skýringar um málið, sem eru í bréfi stiptamtmannsins d. 23. júlí 1862, sem hér með fylgir ásamt einu fylgiskjali; í bréfi þessu fer embættismaður þessi